

Nr. 064 / 16 Jón Vídalín VE 82***Skipverji slasast við fall í lest***

Skipaskr.nr. 1275
IMO 7300722
Smíðaður: Muroran Japan 1972, stál
Útgerð: Vinnslustöðin hf
Stærð: 548,4 brl. 808,8 bt.
Mesta lengd: 55,82 m Skráð lengd: 51,45 m
Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,5 m
Vél: Niigata 1691kW, 1986
Fjöldi skipverja: 13



Jón Vídalín ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 22. febrúar 2016 var Jón Vídalín VE 82 á togveiðum á Melsekk. Veður: NV 7-10 m/s.

Skipverji sem var við vinnu í lest rann til í kari og féll á karabrun með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hægri handlegg.

Við rannsókn kom fram:

- að í þessari veiðiferð voru notuð nýleg gul fiskikör af gerðinni iTUB 460. Þau eru framleidd af Sæplast Iceland ehf. og leigð af dótturfélagi þess;
- að skipstjóri taldi að þessi gerð af fiskikörum væru sleipari en hefðbundin fiskikör en samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda liggur eini munurinn á þeim í litnum. Fram kom einnig að ný fiskikör væru sleipari en gömul og mikið notuð fiskikör.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Sérstök ábending:

Talsvert hefur verið um slys í tengslum við vinnu í lest þegar unnið er í körum. Þegar hafa komið fram lausnir til að auka öryggi þeirra sem vinna við þessar aðstæður. Þar má nefna palla úr riffluðu áli og einnig er hægt að sníða til rifflaðar grindur til að setja í botn kara. Nefndin hefur vitneskju um að þessar lausnir séu notaðar um borð í nokkrum skipum með góðum árangri. *Sjá myndir á næstu blaðsíðu.*

